

Minnisblað

Hofsstaðaskóli – staða heildarúttektar á húsnæði og yfirlit um ástandsskýrslur og endurbætur undanfarin ár

Minnisblað þetta er lagt fyrir bæjarráð til að gera grein fyrir stöðu heildarúttektar á húsnæði Hofsstaðaskóla, sem nú stendur yfir, og aðgerða sem henni tengjast. Þá er einnig yfirlit um þær ástandsskýrslur sem unnar hafa verið vegna húsnæðisins á undanförunum árum og þær endurbætur sem ráðist hefur verið í.

Staða heildarúttektar Mannvits og aðgerðir.

Í framhaldi af ábendingum um loftgæði í Hofsstaðaskóla voru sýni tekin í skólanum í byrjun nóvember 2022 og þau send í greiningu. Verkfræðistofunni Mannvit var falið að gera heildarúttekt á húsnæði Hofsstaðaskóla. Er það liður í því að sinna eftirlit með ástandi húsnæðisins og eins að gæta að öryggi og heilsu starfsfólks og nemenda. Úttektin hófst 14. desember sl. en Mannvit hefur fylgt málefnum skólans eftir frá árinu 2021.

Pegar hafa verið tekin DNA-ryksýni og efnissýni á ýmsum stöðum úr húsnæði skólans og send til greiningar. Í sl. viku var DNA-sýnatökum lokið í Hofsstaðaskóla á þeim svæðum sem ekki náðist að klára í desember vegna skorts á sýnatökupinum. Sýnatakan nær til nánast allra rýma innan skólans og hafa rúmlega 50 efnissýni og DNA/ryksýni verið send til greiningar. Búast má við að niðurstöður liggi fyrir um það bil 4-5 vikum eftir sýnatöku. Á grundvelli hennar verður hægt að ráðast í endurbætur á húsnæðinu þar sem þörf er á.

Garðabær vinnur samkvæmt [ákveðnu verklagi](#) en Mannvit heldur utan um greiningar og aðgerðaráætlun fyrir skólann. Samkvæmt því er mál Hofsstaðaskóla stutt í öðru þrepi verklagsins og búist er við að hægt verði að virkja aðgerðaráætlun um framkvæmdir á afmörkuðum svæðum þar sem vitað er um skemmdir sem fyrst. Mannvit vinnur með bæjaryfirvöldum að aðgerðar- og kostnaðaráætlun vegna viðgerða á skólanum.

Samkvæmt verklagi bæjarins hefur verið gripið til eftirfarandi úrræða:

- Fimm kennslustofum og einni sérkennslustofu var lokað í desember með loftþéttri lokun.
- Fimm færanlegar kennslustofur voru teknar í gagnið í janúarbyrjun og þeim komið fyrir á bílastæði skólans.
- Tímabundið bílastæði var sett upp til að mæta þessum breytingum.
- Öll rými húsnæðisins hafa verið ítarlega skoðuð til að meta hvort rakavandamál séu til staðar og sýni tekin þar sem þörf er talin á út frá niðurstöðum rakamælinga og ábendinga. Einnig hefur verið farið í nánari skoðun og sýnatöku þar sem vísbendingar um gró greindist í ryksýnum og efnissýni tekin þar sem áður hafði greinst örveruvöxtur til meta umfang mengunar.
- Ítarleg hreinsun hefur verið framkvæmd á innanstokksmunum og búnaði sem var staðsettur í menguðum rýmum en hluti búnaðar var fargað samkvæmt ráðgjöf sérfræðinga þar um. Lögð var áhersla á að byrja að hreinsa alla innanstokksmuni og búnað sem skólinn þurfti að nota til að halda áfram kennslu. Hreinsunin var framkvæmd af reynslumiklum fagaðilum. Munir voru fluttir í Miðgarð þar sem þeir voru sótthreinsaðir og síðan fluttir aftur í skólahúsnæðið.

Næstu skref samkvæmt verklaginu:

- Beðið er eftir endanlegum niðurstöðum sýnatöku og þá verður hægt að leggja heildarmat á ástand skólans og í kjölfarið ráðast í endurbætur þar sem þörf er á. Ef til þess kemur verður afmörkuðum svæðum lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Víðtækar hreingerningar verða framkvæmdar strax eftir lagfæringar ásamt hreinsun loftræstikerfis.

- Að lokum mun Mannvit sjá um eftirfylgni sýnataka fer aftur fram eftir 2-3 mánuði eftir að viðgerðum er lokið.

Upplýsingar eru gefnar með reglubundnum hætti til starfsfólks og foreldra í gegnum tölvupóst og á vefsíðu Garðabæjar.

Yfirlit um ástandsskýrslur og endurbætur á húsnæði Hofsstaðaskóla.

Skýrslur sem unnar hafa verið af utanaðkomandi aðilum vegna Hofsstaðaskóla:

Mannvit

- 15.06.2021 - Greinargerð um skoðun og sýnatökur
- 30.11.2022 - Greinargerð um loftgæðamælingar og sýnatökur

OBH, rannsóknarstofa í Danmörku

- 17.11.2022 - Niðurstöður úr sýnatöku

Endurbætur og viðhald á húsnæði Hofsstaðaskóla

Auk þeirra úttekta sem raktar eru að framan hafa ástandsskoðanir reglulega verið gerðar í Hofsstaðaskóla til að meta viðhaldsþörf og áhersluatriði hverju sinni.

Undanfarin ár hefur meðal annar verið farið í eftirfarandi viðgerðir, en listinn er ekki tæmandi:

- Viðgerðir á gluggum á fyrstu og annarri hæð norður hlið 2019 (austurálma) 2021 (vesturálma)
- Opnanleg fög á gluggum hafa verið endurnýjuð og frágangur betrum bættur
- Útihurðar hafa verið yfirfarnar og endurnýjaðar að hluta
- Á árunum 2020 og 2021 voru þakrennur endurnýjaðar á hluta skólahúsnæðisins til að koma í veg fyrir leka og rakaskemmdir.
- Skipt var um gólfefni í anddyrum húsnæðisins árið 2021
- Farið var í endurbætur á loftræstikerfum árin 2020-2021 og skipt út mótorum til að bæta loftskipti í húsnæði skólans.
- Á árinu 2021 var lokið við viðgerð á svölum.
- Unnið var að steypuviðgerðum og málun á hluta útveggja skólans árið 2020.
- Allir gangar í fyrsta og öðrum áfanga ásamt stigahúsi málað að innan 2020
- Á árunum 2019 – 2020 voru útveggir 3. áfanga klæddir ásamt útveggjum á 4 kennslustofum í suð-vesturenda skólans.
- Bókasafn endur innréttað og flutt í gömlu starfsmannaaðstöðu á 2 hæð 2016
- Norðurálma tekin í notkun 2016